

AUGLÝSING
um breytingar á deiliskipulagi í landi Vatnsenda
og Dagverðarness í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti þann 24. janúar 2018 breytingar á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

Frístundabyggð Vatnsendahlíðar, 8. áfangi.

Breytingin felur í sér breytt lóðamörk milli lóða Vatnsendahlíðar 181 og 183, og byggingarreitur er minnkaður á lóð Vatnsendahlíðar 183.

Frístundabyggð í Dagverðarnesi, svæði 3.

Breytingin felur í sér breytta skilmála á lóð Dagverðarness 103 er varðar þakform, hámarksstærð frístundahúss og aukahúss.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Skorradalur, 24. apríl 2018.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir skipulagsfulltrúi.